

8. fundur Verkefnisstjórn Rammaáætlunar, 6. áfanga

Staður: Norðurljós Umhverfis- og orkustofnun, Suðurlandsbraut 24, 105 Reykjavík

Tími: 9. janúar 2026 kl.10:00-12:00 (formenn faghópa boðaðir kl. 10:15-12:00)

Mættir:

Verkefnisstjórn: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Kjartan Ólafsson (KÓ) (Á Microsoft Teams), Ása L. Aradóttir (ÁLA) (Á Microsoft Teams), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT).

Faghópar: Birna Lárusdóttir, (BL) , Ásdís Hlökk Theódórsdóttir (ÁHT), Birgir Guðmundsson (BG), Margrét Arnardóttir (MA). Jón Björn Hákonarson (JBH) boðaði forföll.

UOS: Rán Jónsdóttir (RJ)

Dagskrá:

1. Staða faghópa
2. Verkefnin framundan
3. Samskipti formanna faghópa og verkefnisstjórnar
4. Önnur mál

1. Staða faghópa

Faghópur 1: BL upplýsti að faghópur 1 er fullskipaður.

Faghópur 2: ÁHT upplýsti að faghópur 2 er fullskipaður.

Faghópur 3: BG upplýsti að faghópur 3 er fullskipaður.

Faghópur 4: MA upplýsti að faghópur 4 er ekki fullskipaður og upplýsti jafnframt að hún afþakki skipan sína sem formaður faghópsins.

Formenn faghópanna munu senda SJ og RJ nöfn meðlima faghópanna og verða þeim send skipunarbréf.

2. Verkefnin framundan

a) Afturköllun friðlýsinga

SJ kynnti bréf frá ráðherra Umhverfis -, orku og loftslagsráðuneytisins dags. 23.1.2025 til Jóns Geirs Péturssonar formanns 5. áfanga verkefnisstjórnar rammaáætlunar um afturköllun friðlýsinga á grundvelli dóms Hæstaréttar hinn 27.mars 2024. Í bréfinu beinir ráðherra því til verkefnisstjórnar að taka 8 virkjunarkosti sem flokkaðir höfðu verið í verndarflokk aftur til mats.

b) Endurmat sex orkukosta

Framkvæmdaaðilar 6 orkukosta sem flokkaðir höfðu verið í biðflokk með þingsályktun Alþingis hafa óskað eftir endurmati. Rætt var um að óska eftir kynningu frá viðkomandi aðilum um útfærslu orkukostanna.

c) Flokkun tíu vindorkukosta og frumvarp um breytingu á verndar- og orkunýtingaráætlun sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda.

SJ kynnti skýrslu um tillögu verkefnisstjórnar 5.áfangi til ráðherra um flokkun tíu vindorkukosta og frumvarp um breytingu á verndar- og orkunýtingaráætlun sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda. Áhugi er fyrir að verkefnisstjórnin fari yfir vindorkukostina með hliðsjón af frumvarpinu, en sú vinna muni mögulega nýtast annars vegar til að bæta frumvarpið og hinsvegar flýta fyrir afgreiðslu viðkomandi orkukosta í rammaáætlun þegar og ef frumvarpið verði að lögum.

3. Samskipti formanna faghópa og verkefnisstjórnar

Formenn faghópanna hafi samskipti við verkefnisstjórn gegnum SJ og RJ.

Sameiginlegir fundir verkefnisstjórnar og formanna faghópanna verða haldnir á tveggja mánaða fresti eftir hádegi á föstudegi. Næsti fundur verður þann 20. febrúar nk. kl. 13-15.

Fundir verkefnisstjórnar verða haldnir hálfsmánaðarlega á föstudögum kl. 13-15. Næsti fundur verður þann 23. janúar nk. á skrifstofu UOS.

Faghópar sjá sjálfir um að útvega fundaraðstöðu fyrir sína fundi.

4. Önnur mál.

Áhugi er fyrir að halda sameiginlegan fund verkefnisstjórnar í febrúar og allra meðlima faghópa þar sem farið verður yfir aðferðafræði rammaáætlunar og fl.

Rætt var um samlegðaráhrif virkjunarkosta og umhverfismat áætlana.

Þá var rætt um mikilvægi kortasjár Náttúrufræðistofnunar og Svanfríður mun kanna málið.

Sú hugmynd kom fram að verkefnisstjórn og faghópar fari saman í vettvangsferð að Hvammsvirkjun og Vaðölduveri, Rán mun kanna þann möguleika hjá Landsvirkjun.

Fundi slitið kl. 12.